



98. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni haldinn á Teams mánudaginn 20. september 2021 kl. 11:00

Fundinn sátu: Gunnar Þorgeirsson, Bragi Bjarnson, Freyja Rós Haraldsdóttir (fulltrúi kennara), Oddný Benónýsdóttir (fulltrúi nemenda), Sigríður K. Viðarsdóttir (fulltrúi foreldra), Áslaug Harðardóttir, Halldór Páll Halldórsson skólameistari boðaði forföll og Jóna Katrín Hilmarsdóttir aðstoðarskólameistari, Hildur Hálfdanardóttir sem ritaði fundargerð. Eydís Indriðadóttir, Elín Jóna Traustadóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson forföll og Fanney Ólöf Lárusdóttir.

Dagskrá:

1. Framkvæmdir – staða núverandi framkvæmda. Framtíðarendurbætur
2. Grænu skrefin. Jafnlaunagreining
3. Menntaskýið
4. Sóttvarnamál – staða skólans
5. Önnur mál

Gunnar setti fundinn.

1. Framkvæmdir - staða núverandi framkvæmda. Framtíðarendurbætur

Pálmi ræðir um framkvæmdirnar. Skipt var um gömlu klæðninguna, alla glugga, þök, og hurðar. Þakið verður málað næsta vor, hefur vantað þurrk. Redum og vatn úr rennunum fer út í gatnakerfið en ekki rotþró eins og áður. Ný steinnull í þakinu. Ný stétt og hitalögn eftir suður hlið hússins. Öll ljós endurnýjuð á byggingu og litadíoður í ljósinn úti. Byggingin getur verið allskonar á litinn. Skipt um 3 ljósastaura. Innanhús: allt gólf í eldhúsi vörumóttöku, þvottahúsi endurnýjuð, epoxígólf. Raungreinaálma allt nýjar hurðir, í heimaviku verða þær tengdar við brunakerfið. Nýjar gardínur, Nýbúið að klára að setja þær upp. Skjávarpstjöldin tekinn niður og skjávarpa snúið. Tölvurnar fjarlægðar úr stofunum. Starfsmannahúsin endurbætur eru langt komnar. Nös máluð að utan. Jóna Katrín nefnir að það á að breyta brytaíbúðinni. Opnað niður hringstigann milli hæða hjá Bókasafninu. Pálmi hrósar verktökum í hásterti fyrir góð vinnubrögð. Fjármagnið var tvöfaldið útaf innspýtingu út af Covid.

2. Grænu skrefin. Jafnlaunagreining.

a) Jóna Katrín kynnir jafnlaunagreininguna með því að deila skjánum með okkur öllum. Fer yfir glæurnar. Jafnlaunavottun. Megin þunginn var síðasta vetur. Störfin eru skoðuð hinu megin frá, “hvað viljum við fá út úr hverju starfi”.

Unnið út frá tveimur yfirflokkum, starfstengdir þættir og persónubundnir þættir. Fyrst af öllu var endurmenntun/símenntun metinn inn í greininguna. Verkefnastjórnun, og starfsreynsla. Þessu eru öllu safnað saman í stig og markmiðið er að ábyrgð og launaröðun sé í samræmi. Greiða laun viðhæfi við það sem starfið felst í. Hallar á karlana í óleiðréttum launamunur en í útborguðum launum eru karlarnir hærri. Skýrist helst á karlar eru með meiri yfirvinnutímum, konur eru líklegri til að vera í hlutastarfi. ML er búin að setja upp



stefnur og verkferla í tengslum við þetta ferli. Út úr þessu kom að gæðastjóri og verkefnastjóri uppl rangt raðaðir frá 1. ágúst raðað upp á ný. Ítarlega þættir í að skilgreina störfin áður en við förum aftur í þessa greiningu. Vistaverðir of hátt launaðir. En þar væri hægt að auka ábyrgð, efla þá í starfi, þeir fari t.d. í fræðslu frekar en að lækka laun. Jafnréttisstofa vottar. (Rétt laun miða við ábyrgðapunga.)

b) Grænu skrefinn Jóna Katrín fer yfir glærurnar. Innleiðing grænu skrefanna innan stofnana ríkisins skal vera lokið í árslok þetta árið, höfum aðeins lokið 1 skref. Vondi klárum við 4 skref fyrir áramót. Jóna Katrín hefur ekki komist í verkið. Hugmyndir fyrir mötuneytið; vigta matinn þar og fá að flokka lífræna ruslið. Sameiginlegt verkefni starfsfólks og nemenda. Erum komin með hjólavottun. GÁP sér um að þjónusta hjól og Pálmi fer með hjólinn í bæinn. Markmið: 80% úrgangs flokkaður til endurnotkunar eða endurvinnslu fyrir 2024. Jóna Kata fer yfir yfirlýst markmið. Við erum Kolefnisjöfnuð 2020 hjá Kolviði, ræktunarsvæði Langamelur í hlíð Laugarvatnsfjalls. Rafbílahleðslustöðvar komnar í hús, verið að vinna að uppsetningu. Lífrænt ræktað og faretrade rætt, ekkert í íslenskum markaði sem er vottað með þessu.

3. Menntaskýið

Ella Jóna útskýrir fyrir okkur hvað menntaskýið er og hvernig það virkar. Ríkið gerði samning við Office 365. Jóna Kata deilir skjá með okkur og fer yfir glærur. Menntaskýið er 0365 aðgangur allra framhaldsskóla og háskóla Íslands. Ella Jóna er í stýrihóp, ráðgjöf við skýið, hvað vantar uppá og hvað má betur fara. Hí keypti þjónustu frá Advania við yfirlýsningu. Skólar ekki sáttir við hvernig þessu kerfi var þröngvar upp á framhaldskólana, þarfagreining var ekki framkvæmd. Mennasky.is heimasíða sem Ella Jóna bjó til, grunnleiðbeiningar um hvað þarf að gera í yfirlýsningu yfir í menntaskýið.

4. Sóttvarnamál - staða skólans

Jóna Katrín ræðir sóttvarnamál og hvernig ástandið er búið að hafa áhrif á nemendur. Hvernig takmarkanir hafa haft áhrif á félagslíf og andlegu heilsu þeirra. Grímuskylða á göngum ekki kennslustofu. Merkjum salerni fyrir árganga. Hefðbundinn uppröðum í mötuneyti. Halldór Páll og Pálmi vilja áfengislaus böll. Ekkert covidsmít komið upp í skólanum.

1. október stefnt á nýnemaball og seinna í október náttfataball. Haldið í Eyvindartungu.

5. Önnur mál

- Freyja nefnir Sjálfsmatskýrsluna. Nefndin fær heimavinnu, lesa skýrsluna og hún rædd á næsta fundi.
- Sigríður Viðardóttir nefnir FOMEL fundinn sem var haldin 19. sept. Nefnir að þau geta boðið upp á fræðslu, láta kennarar vita af. Nægur peningur til í sjóðnum.

Fundargerð verður send í tölvupósti og nefndarmenn hafa tvo sólarhring til að gera athugasemdir ellegar skoðast hún samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:05

Fundargerð ritaði Hildur Hálfðanardóttir